

Norrænir vinadagar á Íslandi

Norrænir vinadagar hafa fjórum sinnum verið haldnir á Íslandi. Þeir voru **í fyrsta sinn haldnir að Laugarvatni árið 1978** og þá voru íslensku klúbbarnir aðeins sex. Ákveðið var að takmarka ekki þátttöku en öllum að óvörum skráðu um 220 erlendir gestir komu sína. Það var meiri fjöldi en hægt var að koma fyrir í gistingu á Laugarvatni með góðu móti. En einhvern veginn fundust herbergi fyrir alla útlendu gestina en íslensku systurnar bjuggu í sumarbústöðum og sumar jafnvel í tjöldum. Þema daganna var: *Staða barnsins í hinum vestræna heimi* og aðalfyrirlesarar voru Anne Marie Lorentzen sendiherra Norðmanna á Íslandi og fyrrum Soroptimisti ásamt Mette Munk skólalækni frá Danmörku. Eitt atriði vinadaganna var sameiginleg rútuferð upp í Þjórsárdal þar sem fulltrúar Norðurlandanna sáðu grasfræi og áburði á svarta ösku úr Heklugosinu frá 1970 og héldu síðan í helgistund í Skálholtskirkju. Þessir vinadagar voru lengi á eftir taldir til fyrirmyndar

Árið 1988 var í annað sinn komið að okkur og þá voru vinadagarnir haldnir í Menntaskólanum við Hamrahlíð í Reykjavík. Þátttaka var góð um 170 erlendir gestir ásamt 54 íslenskum. *Náttúran og framtíðin* var aðalþemað, Lára Oddsdóttir flutti erindi um gróðureyðingu á Íslandi og í kjölfarið fylgdu innlegg frá öllum hinum Norðurlöndunum um efnið. Eitt kvöldið var þátttakendum skipt í hópa og boðið í heimahús og vakti það mikla ánægju. Einnig var öllum boðið í móttöku á Kjarvalstaði í boði borgarstjóra Davíðs Oddsonar fyrir hátíðarkvöldverðinn.

Þriðju vinadagarnir voru á Akureyri árið 1998 undir yfirskriftinni *Barnið, samfélagið og framtíðin*. Þátttakendur voru 130 að utan og 130 íslenskar systur. Móttaka var í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju og fyrirlestrar haldnir í fallegum nýjum hátíðarsal Menntaskólans. Fyrirlesarar voru Vigdís Finnbogadóttir og Lára Björnsdóttir félagsmálastjóri í Reykjavík auk þess sem fulltrúar frá öllum hinum Norðurlöndunum áttu innlegg. Akureyri kvaddi í fallegu veðri sem systur nutu inni og úti á prestsetrinu í Laufási en þar var boðið upp á kaffi og gómsætar kleinur sem Ólöf klúbbsystir á Bakka hafði bakað fyrir allan hópinn.

Fjórðu norrænu vinadagar á Íslandi voru haldnir á Grand Hótel í Reykjavík 6.-8. júní 2008. Í undirbúningsnefnd voru Margrét Helgadóttir, Hafnarfjarðar og Garðabæjarklúbbi og jafnframt formaður nefndarinnar, Ásgerður Kjartansdóttir, Reykjavíkurklúbbi, Kristín Sjöfn Helgadóttir, Árbæjarklúbbi, og Margrét Arnórsdóttir, Mosfellssveitarklúbbi. Yfirskrift ráðstefnunnar var að þessu sinni ***Umbreytum tilverunni – Aukum völd kvenna og stúlkna*** og var fjallað um málefni sem snerta konur um allan heim. Áhersla var lögð annars vegar á konur í ákvarðanatöku og lykilstöðum í samfélaginu og hins vegar á þá skelfilegu staðreynd að mansal með konur er vaxandi vandamál.

Aðalfyrirlesarar voru allir íslenskir. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddi um aðgerðir til að efla jafnrétti kynjanna og styrkja konur á öllum sviðum. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, velti fyrir sér spurningunni um hvort konur gætu almennt mótað sína eigin framtíð, Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auður Capital, fjallaði um konur sem frumkvöðla. Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri ræddi um konur í ákvarðanatöku, Silja Bára Ómarsdóttir forstöðumaður Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands, fjallaði um samningatækni fyrir konur og Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, fjallaði um konur í fyrirtækjastjórnun. Síðasta erindi ráðstefnunnar var síðan erindi Guðrúnar Jónsdóttir, talskonu Stígamóta, sem fjallaði um mansal og umfang þess.

Á ráðstefnunni var kynnt sameiginlegt mansalsþema sem allir norrænir Soroptimistar munu vinna að á árunum 2008-2012.

Í lok ráðstefnunnar undirrituðu forsetar allra norrænu landssambandanna yfirlýsingu um þau tvö baráttumál Soroptimista sem ráðstefnan lagði mesta áherslu á með hvatningu til stjórnvalda um að fjölga konum við ákvarðanatöku og að innleiða aðgerðir sem beinast gegn mansali innan kynlífsiðnaðarins og mansali til nauðungarvinnu.

Norrænu vinadagarnir voru vel heppnaðir í alla staði og var góður rómur gerður að erindum allra fyrirlesaranna. Um 200 þátttakendur komu á ráðstefnuna frá Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum. Einnig komu Soroptimistar frá Austurríki, Belgíu, Bretlandi og Hollandi. Forseti Evrópusambands Soroptimista, Hollendingurinn Mariet Verhoef-Cohen, var einnig gestur ráðstefnunnar.